

44

14. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954—1956.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

45

14. apríl

## BRÉF

handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Ólafi Thors, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 73. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*